




UNGMENNASAMBAND
KJALARNESÞINGS



ÁRSSKÝRSLA



1972

Á R S S K Ý R S L A

Ungmennasambands Kjalarnesþings

1 9 7 2

Sigurður búið

1. Héraðsþing:

49. ársþing UMSK var haldið í Garðaholti í Garðahreppi 14. nóvember 1971 og hófst það kl. 10.30. Ungmennafélag Bessastaðahrepps annaðist alla fyrirgreiðslu á þingstað.

Sigurður Skapphéðinsson formaður UMSK setti þingið og bauð fulltrúa velkomna til þingstarfa, einnig bauð hann Hafstein Þorvaldsson formann UMFÍ velkominn. Á þinginu sátu 43 fulltrúar auk fráfarandi framkvæmdastjóra Guðmundar Guðmundssonar.

Íþróttafélagið Gerpla í Kópavogi gerðist aðili að UMSK á þinginu.

Verðlaun voru veitt á þinginu fyrir íþróttir og félagsstörf. Íþróttamaður ársins var kosin Hafdís Ingimarsdóttir úr Breiðabliki en félagsmálamaður ársins var kosinn Pálmi Gíslason úr Breiðabliki.

Að venju fjallaði þingið um fjölmörg mál, má þar nefna umræður um rekstur ungmennabúða, félagsmál og 50 ára afmæli.

Nánari upplýsingar má finna í þinggerð 71.

Ingó búið

2. Stjórn UMSK:

Breytingar á stjórn UMSK urðu ekki stórvægilegar á síðasta ársþingi, þó létu Þórhallur Þórhallsson Gróttu og Sveinbjörn Guðmundsson Bessastaðahreppi af störfum.

Síðastliðið starfsár var stjórn UMSK skipað sem hér segir:

Form: Sigurður Skarphéðinsson UMF Afturelding

Varaform: Steinar Lúðvíksson UMF Breiðablik

Gjaldkeri: Guðmundur Gíslason UMF Dreng

Aðstoðargjaldkeri: Þorvarður Áki Eiríksson Handkn.fél. Kóp.

Ritari: Júlíus Arnarson UMF Stjórnunni

Vara ritari: Benóný Pétursson Íþr. fél. Gróttu

Meðstjórn: Ólafur Friðriksson UMF Kjalarnes

Jónas Jóhannsson UMF Bessastaðahrepps

Margrét Bjarnadóttir Íþr. fél. Gerplu

Varastjórn: Geir Thorsteinsson, Gróttu

Eggert Ólafsson, Kjalarnesi

Gísli B. Kristjánsson, H.K.

Páll Aðalsteinsson, Aftureldingu

Pálmi Gíslason, Breiðabliki

Þórir Hermannsson, Dreng

Sveinbjörn Guðmundsson, Bessastaðahrepp

Páll Pálsson, Stjórnunni

Gréta Óskarsdóttir, Gerplu.

Verkaskipting stjórnar var þannig. Þorvarður Áki og Benóný Pétursson fjölluðu um knattleiki og badminton. Steinar Lúðvíksson og Júlíus Arnarson fjölluðu um frjálssar íþróttir, sund og glímu. Margrét Bjarnadóttir og Guðmundur Gíslason fjölluðu um fimleika, starfsíþróttir og borðtennis. Ólafur Friðriksson og Jónas Jóhannsson fjölluðu um skák, bridge og landbræðslu. Sigurður Skarphéðinsson sá um ýmislegt annað.

3. Skrifstofa og framkvæmdastjóri:

Skrifstofupláss hefur UMSK haft áfram innan veggja UMFÍ. Sú breyting hefur þó orðið á gangi mála að UMSK hefur fengið leigt sérstakt herbergi sem Landvernd hafði áður.

Hand sigg

Um síðustu áramót var Guðmundur Gíslason ráðinn sem framkvæmdastjóri UMSK. Vann hann hálf starf með skóla fram til júní en hefur síðan verið í fullu starfi.

Fa skýrslu
1971.

4. Sambandsfélög og formenn 1972:

	Stofn.	fél.	alls fél.gj.
1. UMF. Afturelding form. Páll Aðalsteinsson	1909	203	149
2. UMF. Bessastaðahrepps form. Jónas Jóhannsson	1946	33	22
3. UMF. Breiðablik form. Gestur Guðmundsson	1950	320	270
4. UMF. Drengur form. Ólafur Oddsson	1915	132	73
5. Ípr. fél. Gørpla form. Margrét Bjarnadóttir	1971	55	55
6. Ípr. fél. Gróttu form. Stefán Ágústsson	1967	360	120
7. UMF. Kjalnesinga form. Stefán Tryggvason	1938	44	35
8. Handknattleiksfél. Kópavogs form. Þorvarður Áki Eiríksson	1970	60	5
9. UMF. Stjarnan form. Ingvi Guðmundsson	1960	323	107
	Samtals:	2035	836

5. Iðkendum íþróttu:

Samkvæmt ársskýrslum félaga var fjöldi iðkenda í hinum ýmsu íþróttagreinum árið 1971 svo sem hér segir:

Fimleikar	30	Glíma	72
Sund	72	Frjálsar íþróttir	263
Knattspyrna	78 ⁴	Handknattleikur	649
Körfuknattleikur	88	Skautaíþrótt	29
Badminton	44	Stjórn og nefndir	82
Annað	93		

leidd. S.

6. Fundir og þing:

Stjórnarfundir hafa verið margir á árinu eða alls 16, flestir haldnir að Klapparstíg 16 en einnig í Íþróttamiðstöð UMSK að Varmá. Mætingar stjórnarmanna á fund hafa verið misjafnar, svo sem sjá má af meðfylgjandi yfirliti.

	4	8	5	26	6	8	28	6	26	14	8	28	15	2	14	13	14
	12	1	2	2	5	6	6	7	7	8	8	9	10	10	10	11	11
Benóný	M	M	E	M	Ms	Ms	Mv	Mv	Ms	M	M	E	M	E	E	M	
Guðmundur	M	M	M	Ms	Ms	Ms	M	M	M	M	M	E	M	Ms	M	M	
Jónas	E	M	MM	M	M	Ms	Ms	E	E	Ms	M	E	E	E	E	M	
Margrét	M	E	Ms	M	M	M	Ms	Mv	M	M	M	Ms	M	M	M	M	
Ólafur	E	E	E	E	E	Ms	E	E	E	E	E	E	E	E	E	E	
Sigurður	M	M	M	M	M	M	Ms	M	M	M	M	M	M	Ms	M	M	
Þorv. Áki	E	E	Ms	Ms	M	Ms	Ms	E	Mv	M	E	E	M	M	M	E	
Júlíus	M	M	M	M	E	Ms	M	Mv	Mv	Mv	Mv	E	Ms	Mv	M	M	
Steinar	M	M	Ms	M	M	E	M	M	Ms	M	M	Ms	M	E	M	M	

M = mætt á réttum tíma

Ms = mætt of seint

Mv = varamaður mætti

E = ekki mætt

Nefndarfundir hafa verið fjölmargir þar sem fjallað hefu hefur verið um hin ýmsu mál sem á dagskrá hafa verið hverju sinni

Fulltrúar UMSK sátu fundi sérsambanda Í.S.Í. og sambandsþing og sambandsráðsfund UMFÍ auk íþróttapings Í.S.Í.

Ólafur Þorgeirsson

a) Fundur með stjórnnum félaganna.

Sambandsstjórnin hélt fund með stjórnnum félaganna og deilda laugardaginn 4. marz, að Hlégarði. Tilgangur fundarins var tvíþættur, annarsvegar fræðslufundur um UMSK., UMFÍ. og Eskulýðsráð Ríkisins og umræðugrundvöllur og hinsvegar kynningarfundur þar sem stjórnarmenn félaganna kynntust og ræddust við yfir kaffibolla. Á fundinum fluttu erindi: Hafsteinn Þorvaldsson formaður UMFÍ um "Uppbyggingu og stöðu ungmennafélaganna í nútíma þjóðfélagi". Sigurður Geirdal um félagsmálafræðslu, Reynir Karlsson um "Eskulýðsráð Ríkisins, tilgangur og starfs svið". Sigurður Skarphéðinsson, "UMSK í 50 ár". Guðmundur Gíslason "UMSK í dag og næstu daga".

Á eftir erindunum var kaffi og hringborðsumræður, en að þeim loknum voru umræður um málefni fundarins.

Fundurinn var nokkuð vel sóttur og almenn ánægja ríkti með hann.

b) Blaðamannafundur.

Eldur

4. júlí var boðað til blaðamannafundar að Varmá í Mosfellssveit.

Dagskrá fundarins var:

1. Rekstur íþróttamiðstöðvar.
2. 50 ára afmælishald UMSK.
3. Uppbygging íþróttamannvirkja í Mosfellssveit.

Á fundinn mættu forráðamenn Mosfellsþrepps formaður og framkvæmdastjóri UMFÍ auk stjórnarmanna UMSK og kennara í ungmennabúðum.

Því miður gátu ekki allri fjölmiðlar sent fulltrúa á fundinn, en tóku í þess stað skrifleg gögn fundarins til birtingar. Heppnaðist fundurinn vel að því leiti að hann var góð kynning fyrir þessa þætti.

Sigrún Ólafsdóttir

7. Hapadrætti UMSK:

Samkvæmt fjárhagsáætlun 49. ársþings UMSK var sú skylda lögð á herðar stjórnar sambandsins að útvega tekjur sem næmi 100 þús. kr. á árinu. Snemma varð ljóst að ef ekki kæmi til einhverjar nýjar tekjur fyrrihluta starfsárs, þá yrði reksturinn harla erfiður og háður lánveitingum. Ekki bætti úr skák seinangangur sá sem skapaðist vegna afgreiðslu skattalagnanna, en það orsakaði seina afgreiðslu styrkveitinga sveitarfélaganna. Augljóst var að annað hvort var að hrökkva eða stökkva og var því ákveðið að efna til hapadrættis. Gefnir voru út 5000 miðar og önnuðust félögin sölu gegn 25% sölulaunum, varð hagnaður af sölnunni framfar vonum bæði fyrir félögin og sambandið.

Ólafur Sigrún

8. UMSK blaðið:

Í sambandi við hapadrætti UMSK í vor var ákveðið að gefa út blað í dagblaðsbroti til kynningar á starfsemi sambandsins og félaganna í því augnamiði að auðvelda sölnu á hapdrættismiðunum. Þetta blað var ein opna, 4 síður. Var dregið á það helzta sem framundan var í starfi sambandsins og þær greinar sem stundaðar eru af sambandsfélögunum. Var blaðið borið í hvert hús á sambandssvæðinu nokkrum dögum fyrir aðal-söluherferðina á hapdrættismiðunum.

Blaðið fékk það góðar viðtökur að sambandsstjórnin ákvað að gefa út annað blað fljótlega, sér í lagi þar sem hún taldi nauðsyn á aukinni kynningu á starfsemi UMSK og félaganna meðal fólks á sambandssvæðinu.

Annað blaðið kom út í júní og var það í sama broti en nú 8 síður og var því dreyft á sama hátt og hinu blaðinu.

Talað var um að gefa út þriðja blaðið í september, en af því gat ekki orðið vegna anna stjórnarmanna.

Safnað var auglýsingum í blaðið og ættu þær að

geta komið á móti kostnaði við útgáfuna, ef vel tekst til.

Sigurjón Jóhannsson blaðamaður aðstoðaði við útgáfuna.

Leit sigg

9. Íbróttamiðstöð Varmá:

Ungmennasamband Kjalarnesþings ásamt UMF Aftur-eldingu tók á leigu heimavist Gagnfræðaskólans að Varmá í Mosfellssvoit í 3 mán. í sumar.

Að Varmá fór fram tvennskonar rekstur. Annars vegar voru þar starfræktar ungmennabúðir og hinsvegar æfingabúðir. Starfsemin gekk mjög vel og var umfangsmikil, enda þótt altaf sé um örlitla byrjunarörðugleika að ræða við nýstofnun fyrirtækis sem þessa. Vafal ítið hefur það styrkt séyrkt starfsemi þessa hvað mest að þar valdist afbragðsfólk til starfa og fyrirgreiðsla forráðamanna aðstöðunnar var mjög góð.

Leit sigg

a) Ungmennabúðir:


UMSK gekkst í fyrsta sinn á síðasta ári fyrir ungmennabúðum og þá í Barnaskólanum Varmá. Með bættri húsnæðisaðstöðu í heimavistarhúsi Gagnfræðaskólans var hægt að auka þessa starfsemi verulega nú. Voru nú haldin 6 námskeið fyrir 8 til 14 ára börn. Voru það 4 námskeið fyrir 8-11 ára í 6 daga hvert og 2 námskeið fyrir 11-14 ára í 3 daga hvert. Alls voru þátttakendur í námskeiðunum 171 talsins.

Starfsemi ungmennabúðanna var með líkum hætti og síðast liðið ár, kenndar voru flestar greinar íþróttar auk þess að farið var í skoðunar og kynnisferðir um nágrennið.

Um 30 manna hópur úr ungmennabúðum UMSK tók þátt í Bláskógarskokki Skarphéðins á sumrinu.

Starfslið ungmennabúðanna var að jafnaði 4 manneskjur

Nijas Meyndis




**U
N
G
M
E
N
N
A**



**B
Ü
D
I
R**

1972



Fyrstu fjórum námskeiðunum stóð Júlíus Árnarson íþróttakennari fyrir ásamt Helgu Jensdóttur íþróttakennara og Önnu Sigvaldadóttur ráðskonu og Hrönn Pálsdóttur aðstoðarstúlku. Seinustu tveim námskeiðum veitti Helga Jensdóttir forstöðu, í fjarveru Júlíusar, var Aþda Helgadóttir henni til aðstoðar ásamt áður nefndu starfsliði í eldhúsi. Rekstur ungmennabúðanna gekk mjög vel og sýnir hinn mikli þátttakendafjöldi hvað bezt, hversu nauðsynleg slík starfsemi er nú á dögum borgarmenningar.

b) Æfingabúðir:

Handwritten signature: Þórunn Þórunn

Nú á tímum þykir nauðsynlegt að íþróttabópar eigi aðgang að aðstöðu þar sem hægt er að dvelja við æfingar og öðlast hvíld. Þar sem skortur hefur verið á slíkri aðstöðu og þörf félaga UMSK vaxið síðustu ár, var ákveðið að fléttað yrði saman rekstri æfingabúða og ungmennabúða. Var félögum gefinn kostur á að **velja** sér tíma fyrir æfingabúðir og var ætlunin að fylla á milli með ungmennabúðum svo sem henta þátti. Því miður er það mikill seinagangur ríkjandi varðandi frágang mótaskráa og við aðra skipulagningu sumarstarfsins, að félög áttu í miklum orfiðleikum með að ákveða á tíma fyrir en leið fram undir sumar. Orsakaði það, að ungmennabúðir voru settar á tíma sem félög þurftu að nota. Nauðsyn er á því að hraða mjög undirbúningi að sumarstarfi félaganna svo þau geti ráðstafað sínum tíma með nægum fyrirvara. Daggestir í íþróttamiðstvoru 1500 alls.

10. 50 ára afmæli UMSK:

Í tilefni af 50 ára afmæli UMSK var reynt að finna ýmsa nýja þætti sem lífgað gætu upp á starfsseminu á þessum tímamótum, þar þar hæst eftirfarandi starfsliði.

a) Verðlaun og afmælistótt:

Haldin voru afmælistótt í flestum greinum íþróttanna sem stundaðar eru í fleiri en einu félagi.

Reynt var að vanda sérstaklega til þessara móta. Útbúin voru nýstárleg verðlaun úr fánafni á pappa. Voru verðlaun veitt öllum fyrstu verðlauna höfum í hópíþróttum, en fyrstu, önnur og þriðju verðlaun í einstaklingsíþróttum. Einnig var fáni sambandsins ætíð hafður uppi á mótstað til þess að setja svip á mótið.

b) Afmælishátíð:

Á þinginu í fyrra var því beint til sambandsstjórnarinnar að minnast 50 ára afmælisins á veglegan hátt, t.d. með veglegu íþróttamóti í sumar og viðhöfn á 50. ársþinginu.

Þegar farið var að ræða um stað fyrir veglegt íþróttamót kom strax í ljós að enginn völlur er til á sambandssvæðinu þar sem hægt er að halda slíkt mót, raunar lengi vitað.

Frankvæmdir við endurbætur á malarvöllinum við Varmá voru það vel á veg komnar að líkur voru góðar á því að þeim mætti ljúka í tæka tíð, ef vilji væri fyrir hendi hjá þeim sem færu með fjármagnið sem til þyrfti. Því skrifaði stjórn UMSK hreppsnefnd Mosfellshrepps sl. haust og skýrði frá áformum með afmælishátíð eða mót að Varmá, ef aðstæður leyfðu, með von um að hreppsnefnd tæki tillit til þess, þegar áætlun um fjárframlag til Aftureldingar vegna framkvæmda við völlinn, yrði gerð. Hreppsnefnd tók málinu mjög vel og óskaði viðræðna við UMSK og Aftureldingu um málið og skipaði stjórninni Sigurð Skarphéðinsson, Steinar Lúðvíksson og Guðmund Gíslason í viðræðunefnd. Að hálfu Aftureldingar var Páll Aðalsteinsson, formaður félagsins. Í viðræðum við sveitarstjóra og oddvita kom

fram mjög jákvæð afstaða til þess að afmælishátíð gæti farið fram að Varmá. Ákvað Afturelding í samráði við Þorstein Einarsson íþróttafulltrúa að stækka malarvöllinn þannig að umhverfis hann næðist 400m hlaupabraut og hófust framkvæmdir seinnipart vetrar.

Þá hafði verið ákveðið að malbika leiksvæði við barnaskólann að Varmá. Var áætlað að því verki yrði lokið fyrir 17. júní. Hefði þar fengist aðstaða fyrir handknattleik og körfuknattleik o.fl.

Um mánaðarmótin júní júlí skipaði sambandsstjórnin þá Hlyn Þór Magnússon, Pálma Gíslason og Sveinbjörn Guðmundsson í framkvæmdanefnd fyrir afmælishátíð. Þegar nefndin hafði kannað aðstæður og rætt við ráðamenn í Mosfellssveit, lagði nefndin til við stjórnina að afmælishátíð færi fram 19. og 20. ágúst. Framkvæmdum við völlinn, skólaplanið og Hlégarð, en gagnger viðgerð fór fram á honum, ætti þá að vera lokið ef áætlanir þeirra sem að framkvæmdunum stóðu stöðust í alla staði. Stjórnin samþykkti tillögu nefndarinnar og fól henni að vinna að undirbúningi. Að vísu kom til tals að fresta afmælishátíðinni til næsta sumars, vegna þess hve vinnuframkvæmdum hafði seinkað þá þegar frá því sem ráð var fyrir gert og naumur tími var til stefnu. En nefndin og stjórnin voru sammála um að ef frestað yrði til næsta sumars, þá væru mestar líkur á að framkvæmdum yrði einnig frestað til næsta vors.

Nefndin hóf þegar undirbúning og kom þar mest til kasta Hlyns að öðrum ólöstuðum. En skemmst er frá því að segja að áætlanir stöðust ekki með framkvæmdir og kom þar mest til miklar rigðingar, bilanir á tækjum og skortur á vinnuafli. án þess að hægt væri að sakast við einn né neinn.

Stjórnin ákvað því að hætta við afmælishátíð að sinni, ákvað að stefna að því að halda hátíð um mánaðarmótin júní júlí næsta sumar, enda kæmi margt af þeirri undirbúningsvinnu sem þegar lægi fyrir til góða.

Eins og áður segir er ekki við einn né neinn að sakast þó svo færi sem fór og eiga þeir þakkir skildar sem gerðu það sem í þeirra valdi stóð svo hægt yrði að koma hátíðinni á. Má þar nefna Pál Aðalsteinsson formann Aftureldingar, Hrólfr Ingólfsson sveitarstjóra og Jón Guðmundsson oddvita Mosfellshrepps, skólanefnd Barnaskólans að Varmá og síðast en ekki síst Hlyn Þór Magnússon.

c) Afmælisrit:

Stjórnin ákvað í sumar að gefa út blað í tilefni af 50 ára afmælinu. Í ritnefnd voru skipaðir þeir Þorsteinn Gunnarsson, Sveinbjörn Guðmundsson og Sigurður Skarphéðinsson. Stefnt var að því að blaðið kæmi út um miðjan nóvember, en vegna prentunar jólabóka eru miklar annir hjá prentsmiðjum um þetta leyti, er því sýnt að útgáfan dregst fram í desember.

d) Minjapeningur:

Eitt af verkum undirbúningsnefndar afmælishátíðarinnar var að láta gera minnispening til sölu á væntanlegri afmælishátíð.

Nefndin fékk Kristínu Þorkelsdóttur teiknara til að hanna peninginn. Á framhlið hans stendur UMSK stórum stöfum, en ártölin 1922, 1972 - 50 ára með minni stöfum. Á bakhlið hans er mynd af knetti.

Þegar ákveðið var að fresta afmælishátíðinni var gerð peningsins það langt komin að ekki var talið fært að hætta við hann.

Ákveðið var að slá 200 silfurpeninga og 300 oirpeninga, og þegar slatti væri lokið að afhenda stansinn þjóðmynjasafninu til varðveislu.

Ef upplagið selst allt, mun útgáfa peningsins gefa sambandinu þó nokkrar tekjur.

*Sveinbjörn Þróppur
Sögu Háskóla*

e) Saga UMSK:

Á merkum tímamótum þykir tilhlíða að skrá sögu félagsskapar og skrá þar með heimildir um starfsemina á einn stað.

Þegar ákveðið var að gefa út 50 ára afmælisblað, var í fyrstu áætlað að birta þar sögu UMSK. Loftur Guðmundsson rithöfundur skrifaði drög að sögu sambandsins í 40 ára afmælisblað UMSK. En þar sem allar skrifaðar heimildir vantar um fyrstu 10 ár sambandsins er stórt gat í þá sögu.

Þegar farið var að vinna að þessu máli í sumar kom strax í ljós, að sagan verður ekki skrifuð á örfáum vikum í tómstundum, sér í lagi þar sem þarf að grafa upp 40-50 ára gamlar heimildir. Var því hætt við að birta söguna í væntanlegu blaði.

Ólafur Þórðarson frá Varmalandi og Sigurður Skarphéðinsson ásamt Guðmundi Gíslasyni hafa unnið að því nú í haust að tala við gamla féлага þar á meðal fyrsta formann UMSK, Guðbjörn Guðmundsson prentara. Hafa þau viðtöl verið tekin upp á seguband. Einnig hefur verið flett gömlum fundargerðarbókum Aftureldingar og Skinfaða og fleiri gögnum. Í Félagsgarði í Kjós fundust fyrir skömmu gögn er greina frá stofndegi UMSK en hann var 19. nóvember 1922.

Fundargerðabækur fyrir fyrstu 10 árin hafa ekki fundist, einnig vantar fundargerðarbók frá 1933-1946 Halda **verður** þessum eftirgrennslunum áfram, því þeir sem stóðu að félagsskapnum í upphafi eru komnir á efri ár og því hætt við að margt fari að gleymast.

11. Landgræðsla.

Þórunn Eyréðar

Laugardaginn 10. júní efndi Ungmennasamband Kjalar nespings til landgræðsluferðar í Bolabás á Þingvöllum. Þátttakendur voru um 30 frá flestum félögum UMSK,

Áburðarmagn það sem farið var með til ágjafar var 5 tonn. 3 tonn ætluð til ágjafar á gamalsáð og 2 tonn til nýgræðslu ásamt 200 kg af grasfræi. Vegna mistaka fékkst ekkert fræ og voru því 4 tonn borin á gróid land vatnsfarvegi og rofabörð auk gróinna mela í hlífum Bola bás. Voru það bæði samfelldar auðnir og skákir inn á milli kjarrbarða. Við sáningu var notuð dráttarvél, en handsáð í nokkur börð og vatnsfarvegi.

Nauðsynlegt er að halda þessu starfi áfram á næstu árum, svo þessi fallegi staður verði einn tignarlegasti áningarstaður ferðamanna.

12. Skák.

Skáksveit UMSK tók þátt í Skákkeppni UMFÍ 1972. Í undankeppni tefldi sveit UMSK við Bolvíkinga á Bólungarvík en sveit H.S.K. mætti ekki. Fór UMSK með sigur og tefldi síðan til úrslita við Ungmennasamband Borgarfjarðar og Ungmennasamband Eyjafjarðar í Félagsheimili Kópavogs dagana 4. og 5. nóvember .972.

Er lokaniðurstaða þeirrar keppni ekki ljós enn þar sem bæði sveit UMSK og UMSB hlutu $4 \frac{1}{2}$ vinning en UMSE 3 vinninga.

13. Bridge.

Bridgemót UMSK fór fram 13. febrúar og 12. marz s.l. í Félagsheimili Seltjarnarness. Mótið var tvímenningssképpni og keppni milli félaga. Úrslit í mótinu urðu þau að Hákon Þorkelsson og Ásgeir Bjarnason Umf. Dreng báru sigur úr bytum, hlutu 254 stig, í öðru sæti urðu Einar Þórhallsson og Þorvaldur Baldursson UBK með 251 stig og í þriðja sæti urðu þær Jónína Jónsdóttir og Kristjana Einarsdóttir Gerplu með 250 stig. Á stigatölunni sést að keppnin var mjög tvísýn og skemmtileg.

Í félagakeppni varð röðin þessi:

1. Umf. Drengur 739 stig.
2. Umf. Breiðablik 693 stig.
3. Íþróttafél. Gerpla 682 stig.
4. Umf. Afturelding 678 stig.
5. Umf. Bessastaðahrepps 642 stig.

24 pör tóku þátt í mótinu og mótsstjóri var Vilhjálmur Sigurðsson.

14. Íþróttadómstóll UMSK.

Íþróttadómstóll UMSK dæmdi í 1. máli á árinu, var það kera Breiðabliks vegna leiks 1. flokks við KR í bikarkeppni. Taldi dómstóllinn að endurtaka skyldi leikinn. Dómnum var áfríað.

Í íþróttadómstólnum áttu sæti þessir menn:

Ármann Pétursson, Bessast.hr.

Tómas Lárusson, Aftureldingu

Stefán Ágústsson, Gróttu

til vara:

Þórir Hallgrímsson, Breiðabliki

Gísli Jónsson, Kjalarnesi

Steinar Ólafsson, Dreng

15. Starfsíþróttir.

Það var einróma skoðun starfsnefndar í starfsíþróttum að fyrirkomulag þeirra svari ekki tímans tönn enda hvergi þjálfað né keppt í starfsíþróttum nema landsmótsár og þá eingöngu með það markmið að koma fram á landsmóti.

Ákveðið var að finna og gera tilraunir með nýjar leiðir og þá sérstaklega með unga fólkið í huga sem vissulega skortir verkefni fyrir sína miklu athafnaþrá.

Verkefni skyldu miðuð við:

1. Þau séu hverjum manni gagnleg, ef ekki nauðsynleg.
2. Efli þroska og víðsýni þegnanna og spanni yfir flestar starfsgreina þjóðfélagsins og holla nýfingu tómstunda.
3. Þjálfun fólks til félagsstarfa þar sem mostur er skorturinn.

Fyrsta tilraun þessara nýju starfsíþróttanna var gerð í Sumarbúðum á Varmá 1. júlí sl. Þar komu fjórir leiðbeinendur úr Hjálpar sveit skáta Reykjavíkur með allan útbúnað til útilegu og kynntu fyrir börnunum meðferð tjalda og viðleguútbúnaðar. Þau kynntu sérstaklega allar varúðarráðstafanir s.s. meðferð gastækja, ef maður týnist o.m.fl. Síðan var börnunum skipt í hópa og efnt til keppni í að tjalda og taka niður tjald og binda á bakpokann. Þetta varð spennandi keppni og varð jafnvel að gera út njósnara til að athuga hjá keppinautum um hin ýmsu atriði, hvort nokkuð hefði gleymst.

Undirbúnar voru fleiri slíkar tilraunir en komust ekki í framkvæmd, má þar nefna: - Dagur í sveit - Viðgerð á hjóli og hjólreiðakeppni í umferð - o.fl.

Sérstaklega skal þó bent á "Leiðara-námskeið" sem ákveðið var að efna til en féll niður þegar frestað var afmælishátíð sambandsins, en er engu að síður aðkallandi. Námskeið þetta var ætlað til þjálfunar ungs fólks til að stjórna útihátíðum og jafnvel íþróttamótum og keppnum. Kennsla skyldi fara fram í fyrirlestrum og umræðu-starfshópum síðan verkleg þjálfun á útihátíð eða móti. Viðurkenningarskjöl, sem veitt yrðu fyrir frammistöðu þyrftu að vera viðurkennd af UMFÍ, Askulýðsráði ríkisins og Á.S.Í.

16. *Ángi*

16. Glíma.

Glíma kom ekki að ráði á starfsskrá sambandsins á liðnu ári, en æfingar eru þó nokkrar hjá félögum UMSK.

17. Handknattleikur. *Aki*

Handknattleikurinn er ein vinsælasta íþróttgreinin innan UMSK.

5 af félögum í UMSK hafa æft handknattleik í vaxandi mæli Umf. Breiðablik, Umf. Stjarnan, Íþróttafél. Gróttu, Handknattleiksfél. Kópavogs og Afturelding í Mosfellssveit.

Félögin hafa öll leikið í Íslandsmóti.

Handknattleiksmót UMSK var haldið dagana 6. og 10. apríl. Mótið sóttu 5 félög, Umf. Breiðablik, Umf. Stjarnan, Íþróttafélagið Gróttu, Handknattleiksfél. Kópavogs og Afturelding í Mosfellssveit.

Mótið fór mjög vel fram og var mikið um spennandi og tvísýna keppni að ræða.

Þá var mikið um æfingaleiki hjá félögunum og sóttu þau hvort annað heim.

18. Sund. *Stenat Pálm*

Sund hefur nær einvörðungu verið stundað hjá Breiðabliki og Aftureldingu. Ennþá hefur sundmót UMSK 1972 ekki farið fram en áformað er að efna til sundmóts í Varmálaug í Mosfellssveit nú á næstunni.

19. Korfuknattleikur. *Furibog*

UMSK sinnti lítið um korfuknattleik á árinu, enda þessi íþrótt ekki að ráði stunduð hjá félögum sambandsins nema þá helst hjá Breiðabliki og Gróttu.

17.

Finn 608

20. Knattspyrna.

Knattspyrnan er enn vinsælasta íþróttagrein sem stunduð er innan félaga sambandsins. Í apríl í fyrravetur hélt UMSK innanhúsknattspyrnumót í íþróttahúsi Kársnesskóla var þar keppt í 2., 3., 4. og 5. flokki karla auk kvennaflokks. Afturelding, Gróttta, Stjarnan og Breiðablik áttu flokka á mótinu. Í sumar var haldið knattspyrnumót fyrir 1., 2., 3., 4., 5. og 6. fl. karla. Í fyrsta flokki kepptu A-lið Gróttu og Aftureldingar, en B-lið Breiðabliks og Stjörnnunnar. 6. fl. var búinn til svo fullnægja mætti þörf þeirra yngstu. sem annars fengju ekki að spila. Í keppni í 6. fl. áttu Breiðablik og Stjarnan 2 lið hvort. Félög sem sendu flokka til keppni voru Stjarnan, Breiðablik Gróttta, Afturelding og Drengur. Einnig má geta þess að félög UMSK hafa náð góðum árangri í opinberum mótum á árinu. 1. deildarlið Breiðabliks hélt sæti sínu örugglega í deildinni.


21. Borðtennis.

Sludda


Þessi unga íþróttagrein riður sér mjög ört til rúms og virðist njóta almennra vinsælda. Borðtennis hefur það framyfir margar aðrar íþróttagreinar að vera jafn aðgengilegur og skemmtilegur fyrir eldri sem yngri og er stundaður bæði af konum og körlum.

Afmælistmót UMSK í borðtennis, fyrsta mót sambandsins, fór fram í Íþróttahúsinu Seltjarnarnesi 21. október sl. Þátttaka var mjög góð, 30 keppendur frá 5 félögum auk þess kepptu 4 stúlkur úr Ármanni sem gestir mótsins. Mótsstjóri var Magnús Bjarnason en Guðmundur Gíslason sá um undirbúning og framkvæmd mótsins. Þetta fyrsta mót UMSK í borðtennis tókst með ágætum og var rómað bæði af keppendum og áhorfendum.

V
I
D



S
J
Å



*Páll O
kaind*

22. Frjálsar íþróttir.

Frjálsíþróttafólkið tók þátt í öllum helztu mótum ársins með ágætum árangri og þegar á heildina er litið, eru afrekin í flestum greinum svipuð og í fyrra og í mörgum tilefllum betri.

Á meistaramóti Íslands vann frjálsíþróttafólk úr UMSK mörg góð afrek. Frjálsíþróttafólk UMSK fyllti ávallt breitt bil í landsliðum ársins, sem kepptu bæði hér á landi og erlendis. Í Bikarkeppni F.R.Í. hafnaði lið UMSK/2. sæti. Að vísu tapaðist þarna 1. sætið frá 1971 en samkeppnin var hörð og árangur samt sem áður góður.

Þó nokkur mót voru haldin innan héraðs og var þátttaka yfirleitt góð í þeim og árangur prýðilegur.

Þjálfun keppnisfólks innan UMSK var þannig háttað að sambandið útvegaði Stjórnunni og Aftureldingu aðstöðu til æfinga hjá þjálfurum Breiðabliks, en þeir voru Karl Stefánsson og Þórarinn Ragnarsson, á þennan hátt má ætla að aðstaða smærri félaganna hafi verið betri til að ná til góðra þjálfara.

Margir íþróttamenn stórbættu árangur sinn á árinu, svo sem Breiðabliksfólkið Arndís Björnsdóttir sem setti nýtt Íslandsmet í spjótkaсти 39,60 m, Gunnþórunn Geirsdóttir í kúluvarpi, Kristín Björnsdóttir í hástökki og hlaupum, Karl West í hástökki. Ásbjörn Sveinsson í spjóti, kringlu og kúlu. Hlaupararnir Einar Óskarsson, Böðvar Sigurjónsson, Ragnar Sigurjónsson, Steinþór Jóhannsson, Markús Einarsson, Guðmundur Geirdal o.fl. áttu einnig glæsilegan feril á árinu. Stjarnan á nú orðið marga dugmikla og efni-lega íþróttamenn í frjálsum íþróttum, ber þar ef til vill hæst árangur Ragnhildar Pálsdóttur sem setti mörg Íslandsmet á árinu í lengri hlaupum, hefur hún einnig sýnt fyrirmyndar ástundun og dugnað við æfingar. Alda Helgadóttir, Kristján Siggeirsson, Einar

Haraldsson og Erlingur Þorsteinsson áttu einnig gott ár.

Bjarki Bjarnason, Þorkell Jóelsson, Bjarni Bjarnason, Jón Þ. Sverrisson og Þorsteinn Pétursson úr Aftureldingu sýndu mikinn áhuga og náðu góðum árangri á árinu.

Nú í haust tók UMSK það að sér fyrir félögin 3 að ráða þjálfara í stað þjálfaranna sem voru á síðasta ári. Hefur Dr. Ingimar Jónsson tekið að sér þjálfun keppnisfólks UMSK næsta ár, hafa Breiðablik, Stjarnan og Afturelding hvert ákveðna hlutdeild í þjálfuninni. Efinger munu verða 4 sinnum í viku í vetur en 5 sinnum í sumar.

Þar sem Karl Stefánsson þjálfari hefur nú látið af störfum fyrir frjálsíþróttafólk UMSK vill sambandið þakka honum mikið og fórnfúst starf á mörgum undanfarandi árum við uppbyggingu hins glæsta liðs UMSK.

23. Badminton.

Siggi

Badminton er nú þegar stundað af nokkrum félögum UMSK.

Til þess að stuðla að enn frekari frængangi þessarar íþróttar hélt UMSK fyrsta badmintonmót í maí í vor. Var mótið í umsjá Gerplu í Kópavogi, en þátttakendur voru frá Gerplu, Stjörnunni og Gróttu. Mótið var mjög skemmtilegt og má örugglega ætla að það hafi aukið áhuga þeirra sem þátt tóku í því.

24. Fimleikar.

Hulda

Fimleikar voru aðeins iðkaðir hjá Íþr. Gerplu innan UMSK sl. vetur, en í haust hófust einnig æfinger í fimleikum hjá Umf. Aftureldingu. Umf. Stjarnan sendi tveir stúlkur á Íslandsmeistaramótið

í fimleikum sl. vor og stóðu þær sig mjög vel. Kvemna-
flokkur úr Gerplu sýndi fimleika úti á þjóðhátíð í
Kópavogi og voru þátttakendur 17.

Samþykkt var á stjórnarfundum UMSK 14. okt. sl. að
reyna að koma af stað sameiginlegum æfingum í fim-
leikum á vegum UMSK og reynt yrði að senda hóp á fim-
leikahátíðina í Íþróttahöllinni í Laugardal 3. des.
n.k. Þessu máli hefur lítið miðað enn, þar sem undir-
tektir formanna félaganna hafa verið dræmar og er
leitt til þess að vita hversu lítill áhugi er fyrir
þessari fögru íþrótt hjá íþróttáforustu félaganna á
sambandsvæðinu.

Vert er að sambandsaðilar geri sér grein fyrir,
að þeir þurfa aðeins sameiginlegt átak til að standa
jafnfætis Reykjavíkurfélögunum í fimleikum bæði sem
keppnis- og sýningaríþrótt, þar sem þessi íþrótt
er öll í uppbyggingu hér á landi.

a) Heimsókn Holstebros:

AAG.

Opur

Um mánaðamót júlí-ágúst kom til landsins leik-
fimiflokkur frá Holstebroegnens hovedkreds af gymna-
stig- og ungdomsforeninger.

U.M.F.Í. sá um heimsókn þessa en flokkurinn
sýndi tvisvar í Hafnarfirði, en sýndu síðan fyrir
norðan og á Húsafelli. Þar sem þetta voru ungmenna-
félagar þótti stjórn UMSK ekki fært að láta þá fara
hjá garði án þess að veita þeim einhvern beina,
enda ekki fráleitt að eitthvað mætti af þeim læra.

Þar sem Íþrf. Gerpla er eina félagið sem hefur
fimleika á dagskrá sinni, varð að ráði að Gerpla og
UMSK sameinuðust um að halda þeim kvöldverðarboð í
Skíðaskálanum í Hveradölum. Um 30 félagar úr Gerplu
óku dónunum á bílum sínum upp í Hveradali og sátu
boðið. Er skemmst frá því að segja að þetta boð
heppnaðist einstaklega vel er borðhaldi lauk og skemmti

Úr



starfi

Ungmennasambandsins



fólkið sér við dans og leiki fram á nótt. Er ekki að efa að samkoma þessi hefur glætt áhuga margra ef ekki allra Gerplufélaganna fyrir fimleikum og heimsóknin öll hefur vonandi orðið til þess að glæða áhuga fyrir fimleikum almennt, enda voru sýningar hópsins mjög góðar.

frjalsar

25. Víðavangshlaup.

Víðavangshlaup UMSK fór fram í Garðahreppi í marz, voru þátttakendur um 20 bæði konur og karlar. Hlupu karlar 2000 m en konur 1000 m.

Keppendur UMSK unnu stóra sigra í sveitakeppnum Víðavangshlaups Íslands, bæði í karla og kvenna flokkum.

Góður árangur náðist í öðrum víðavangshlaupum svo sem víðavangshlaupum í.É.

Margir félagar úr fólögum U.M.S.K. tóku þátt í Bláskógarhlaupi Skarphéðins í sumar, þar á meðal um 30 þátttakendur auk kennara úr ungmennabúðum UMSK.

Afreksbikar Gestis Guðmundssonar.

Keppa skal um bikarinn árlega á héraðsmóti UMSK í frjálsum íþróttum.

Sá einstaklingur sem flest stig hlýtur í 3 greinum samanlagt miðað við röð í grein, hlýtur bikarinn til varðveislu fram að næsta héraðsmóti. Sú tveir eða fleiri jafnir skal sá hljóta bikarinn sem bezta útkomu fær í viðkomandi greinum samkvæmt gildandi stigatöflu.

Í ár hlaut Ásbjörn Sveinsson Breiðabliki bikarinn, en hann sigraði í spjótkesti, kúluvarpi og kringlukasti.

Þau sem hlótið hafa bikarinn eru:

1972. Hafdís Ingimarsdóttir Breiðablik

1971. Trausti Sveinbjörnsson Breiðablik

26. Íþróttamaður UMSK 1972.

Átta manna nefnd skal kjósa íþróttamann ársins, 6 skipaðir af stjórn UMSK, auk sambandsformanns og framkvæmdastjóra.

Úrslit kosninganna voru þau að Guðmundur H. Jónsson Breiðabliki var kosinn íþróttamaður ársins og hlaut 22 stig. Guðmundur er vel að þessum titli kominn, hann hefur verið í forustusveit knattspyrnumanna Breiðabliks nú um árabil, og á vafalaust stóran þátt í árangri Meistaraflokks.

1.	Guðm. H. Jónsson	22 stig
2.	Guðrún Einarasdóttir	19 stig
3.	Arndís Björnsdóttir	18 stig
4.	Steingrímur Davíðsson	14 stig
5.	Ragnhildur Pálsdóttir	13 stig
6.-7.	Karl West	12 stig
6.-7.	Sólveig Sveinbjörnsd.	12 stig
8.-9.	Guðmundur Geirdal	11 stig
8.-9.	Stefán Stefánsson	11 stig
10.	Guðmundur Ingvarsson	10 stig
11.	Karl Stefánsson	7 stig
12.	Hafsteinn Jóhannesson	4 stig
13.	Ásbjörn Sveinsson	1 stig

27. Félagsmálamaður UMSK 1972.

Þeir þrír einstaklingar sem hlotið hafa titilinn félagsmálamaður ársins undanfarandi þrjú ár skulu ætíð kjósa sinn eftirkomanda. Nú í ár varð nefndin sammála um að Steinar Lúðvíksson formaður Sunddeildar Breiðabliks og varaformaður UMSK skyldi hljóta hnossið. Steinar hefur um árabil starfað ötullega að félagsmálum innan UMSK. Þer þar vafalaust hæst starf hans að uppbyggingu Sunddeildar Breiða-

Stefán Pálmi

bliks og sundmenningar almennt í Kópavogi. Varformaður UMSK hefur Steinar verið tvö síðustu ár og lagt þar ríkulegan skerf til framgangs starfsemi UMSK. Sambandið þakkar Steinari vel unnin störf.

23. Getraunir.

Skrifst

Einn stærsti tekjuliður félaganna er ágóði af sölu getraunaseðla. Meðfylgjandi yfirlit sýnir árangurinn í tölum.

22. til 40. vika 1971.

Félag	Míðar	Heildarsala	Sölulaun
Breiðablik	19693	492.325,-	123.031,25
Breiðablik frjálsíprd.	3073	96.825,-	24.206,25
Gerpla	2173	54.325,-	13.581,25
Handknattl.fél. Kóp.	3965	99.125,-	24.731,25
Gróttu	1223	30.575,-	7.643,75
Afturelding	1455	36.375,-	9.093,75
Stjarnan	2837	70.925,-	17.731,25
	35219	880.475,-	220.118,75

1. til 19. vika 1972.

Breiðablik	24363	609.075,-	152.268,75
Breiðablik frj.ípr.	5922	148.050,-	37.012,50
Gerpla	2442	61.050,-	15.262,50
Handknattl. fél. Kóp.	1941	48.525,-	12.131,25
Gróttu	4054	101.350,-	25.337,50
Afturelding	11842	46.050,-	11.512,50
Stjarnan	10769	269.225,-	67.306,25
	51333	1.203.325,-	320.831,25

Pólin.

29. Styrkir til UMSK 1972.

Öll sveitarfélög á sambandssvæðinu, UMFÍ, ísÍ, auk Gullbringu- og Kjósarsýslu hafa lagt UMSK myndarlegt framlag til reksturs sambandsins. Það er ósk okkar að forráðamenn þessara aðilja sjái þessa fjármuni leiða til aukins og betra starfs í þágu allra íbúa á viðkomandi svæði. Framlög þessara aðilja hafa gert sambandinu kleift að ráða til sín starfsmenn til þess að annast allan daglegan rekstur í samráði við stjórnarmenn. Væntum við þess að þetta fyrirkomulag á starfseminni leiði til aukins starfs hins almenna félaga, enda bendir reynsla frændþjóða vorra á Norðurlöndum til þess að svo geti orðið. Hafa t.d. Norðmenn í sí auknum mæli ráðið til sín starfsmenn til þess að annast rekstur félags og íþróttamála.

Trú okkar er sú, að aukin útgjöld til starfsmannabalds skili sér aftur í verðmætum.

Öllum styrktaraðiljum þakkar sambandið af einhug.

Kjósarsýsla 1972	krkr.	100,000.00
Gullbringusýsla 1972	kr	50,000.00
Kjósarhreppur 1972	kr	22,000.00
Kjalarneshr. 1972	kr	6,000.00
Mosfellshr. 1972	kr	35,000.00
Seltjarnarn.hr. 1972	kr	40,000.00
Kópavogur 1972	kr	90,000.00
Garðahreppur 1972	kr	30,000.00
Bessastaðahr. 1971	kr	5,000.00
Íþróttasamb. Ísl.	kr	17,330.00
Ungmennafél. Ísl.	kr.	11,710.00

Rauk

EIGNIR UMSK 1972.

15 borðfánar 50/-	750.00	
1 félagsfáni og stöng 1000/-	1000.00	
2 kasthringir hjá Dreng 50/-	100.00	
1 málband 100/-	100.00	
2 skeiðklukkur Sundl. Kóp 250/-	500.00	
1 skrifborð á skrifstofu 5000/-	5000.00	
1 skrifstofustóll 700/-	700.00	
	<hr/>	
	3150.00	
- afskrifað á árinu 10%	315.00	
- afskrifað áður	315.00	6520.00
	<hr/>	
14 ípr. búningar		14300.00

14 verðlaunagripir á skrifstofu.

1 stytta á skrifstofu.

2 litlar fánastendur m. fánum.

5 bikarar í borðtennis.

4 bikarar í kn.sp. utanhúss.

5 bikarar í kn.sp. innanhúss.

5 bikarar í handknattleik.

1 tugprautarbikar.

- SAMBANDS KJALARÞESPINGS 1972.

T E K J U R.I. Skattar.

1. Skattar félaga 1972	33440.00	
2. ÷ Skattar til ísf. og UMFÍ	13420.00	20020.00

II. Styrkir.

1. Kennslustyrkir UMFÍ og ísf	63022.00	
2. ÷ Kennslustyrkir til fél. ga	63114.00	4908.00
3. Styrkir til UMSK sk. skrá		407090.00

III. Getraunir.

26416.20

IV. Vextir.

397.00

V. Hapadrætti UMSK.

1. Selt fyrir	199975.00	
2. ÷ kostnaður	44727.00	155248.00

VI. Ýmsar tekjur.

1. Ýmsar tekjur á árinu	23669.00	
2. Ýmis gjöld á árinu	12135.00	11484.00

 Kr. 625563.20

EFNAHAGSREIKNINGUR UNGMENNA -

E I G N I R :I. Peningar.

1. Sögusjóður	467.70	
2. Landsmótssjóður	124.90	
3. Peningar í sjóði	<u>66.295.40</u>	66.388.00

II. Útistandandi skuldir. 76.340.00III. 50 ára peningur.

1. Kostnaður	103.380.00	
2. Seldir peningar	<u>100.043.00</u>	3.337.00

IV. Eignir samkv. skrá. 8.150.00

Afskrifað 1972	315.-	
Afskrifað áður	315.-	
	<u>1.630.00</u>	6.520.00

V. Íþróttabúningar. 16.500.00

Selt á árinu	2.200.00	14.300.00
--------------	----------	-----------

Kr.	<u>167.385.00</u>
-----	-------------------

- SAMBANDS KJALARNESPINGS 1972.

S K U L D I R :

<u>I. Laun.</u>	33.486.00
<u>II. Aksturarkostnaður.</u>	10.000.00
<u>III. Þinggjald 1972.</u>	14.857.00
<u>IV. Húsal. Badmintonmóts.</u>	3.200.00

Höfuðstóll 1/10 1971	8.392.10	
Hagnaður samkv. rekstrarr.	97.449.90	105.842.00

<u>Kr.</u>	<u>167.335.00</u>
------------	-------------------

- STÖÐVAR VARMÁ 1972 UMSK.

T E K J U R :

1. Þátttökugjald ungm. búða.	302.800.00	
2. Þátttökugjald æfingabúða	<u>135.475.00</u>	438.275.00
3. Innkomið vegna síma		1.400.00
4. Seldir matarafgangar Rekstrarhalli		8.645.00 <u>100.043.30</u>
	Kr.	<u>598.363.30</u>

- STÖÐVAR VARMÁ 1972 UMSK.

SKULDIR :

1. Skuld við UMSK. aðalsjóð	12.365.00
2. Dúnaðarbanki Mosfellshr.	70.000.00
3. Mosfellshreppur	37.648.60
Höfuðstóll	
Rekstrarhalli samkv. rekstrarreikn.	(100.043.30)
	Kr. <u>20.470.30</u>

Hef farið yfir framanskráða reikninga og tel þá rétta.

Tröllagili 16-11. 1972.

Lárus Halldórsson.

Hef yfirfarið reikninga sambandsins og tel þá rétta.

Valdastöðum 16-11.1972.

Ólafur Ág. Ólafsson

Starfssemi félaga UMSK.U.M.F. Bessastaðahrepps.

Starfssemi U.M.F.B. hefur verið með svipuðu sniði og undan farin ár. Haldin var áramóta skemmtun með brennu og fl.

Opið hús var á fimmtudögum og skemmti fólk sér við spil og ýmsa leiki.

Skák var tekið upp á árinu og haldið var eitt mót. Íþróttir eru lítið stundaðar hjá félaginu að undanskildri knattspyrnu. Voru æfingar tvisvar í viku í sumar og mjög vel sóttar. Keppt var aðeins einu sinni. Félagið fékk til umráða stærri sal í Barnaskólanum og hafði það mjög örvandi áhrif á starfssemi yfir vetrartímann.

U.M.F. Drengur.

Starfssemi félagsins var með líku sniði og undanfarandi ár. Jólafagnaður var haldinn í samráði við Kvenfélagið. Félagið hélt árshátíð síðla vetrar og tókst hún samilega. Bridgeæfingar voru reglulega seinni hluta vetrar og tóku félagar þátt í bridgenóti UMSK 1972 og fóru með sigur í stigakeppni auk þess að félagið átti stiga hæsta parið.

Unnið hefur verið að endurbótum á Félagsgarði, húsi félagsins og til þess að afla tekna til framkvæmdanna voru haldin þó nokkur böll fyrir tóninga í vor og öfluðust þar nokkrar tekjur. Íþróttæfingar voru reglulega á velli félagsins í sumar og voru fengnar 2 þjálfarar til að annast þær. Sá félagið síðar um framkvæmd B móts UMSK og stóð íþróttafólk Drengs sig eftir vonum á því móti.

Knattspyrna var töluvert iðkuð og leiknar nokkrir leikir m.á. við Aftureldingu og Breiðablik með máljöfnum árangri þó.

Íþróttafélagið Gerpla Kópavogi.

Íþróttafélagið Gerpla var stofnað 25. apríl 1971 og félagsatala er nú líðlega ló. Félagið starfar aðallega með þrjár íþróttagreinar, leikfimi, badminton og borðtennis. Allt eru þetta íþróttir sem krefjast æfingarhúsnæðis, en

skortur á aðstöðu til æfinga er stærsta vandamál félagsins. Við höfum notið velvilja Reykjavíkurfélaga og fengið nokkra aðstöðu til æfinga. Það er dýrt og erfitt að þurfa að sækja æfingar langar leiði, en hjá því verður ekki komizt meðan "neyðarástand í íþróttahúsum" ríkir í Kópavogi.

Félagið hélt innanfélagsmót í badminton og sá um og tók þátt í UMSK-móti í badminton. Í september var haldið námskeið í badminton fyrir börn og unglinga og nutum þá kennslu hins kunna Garðars Alfonssonar. Í vetur njótum við leiðbeininga Einars Jónssonar formanns Badmintonsfélags Íslands.

Gerpla tók þátt í Íslandsmeistaramóti í borðtennis og hlaut þá Íslandsmeistaratiltil í tvíliðaleik kvenna, þær Guðrún Einarsdóttir og Sveina Sveinbjörnsdóttir og þriðju verðlaun í einliðaleik kvenna, Munda Jóhannsdóttir. Við tókum þátt í UMSK-móti í borðtennis auk margra gestaleika við önnur félög og hópa. Félagið sýndi fimleika úti á þjóðhátíð í Kópavogi og bauð til kvöldverðar, ásamt UMSK, í Skiðaskálanum í Hveradölum dönskum fimleikahóp, sem var hér á sýningarferð á vegum UMFÍ. Trimm hefur verið stundað á sumrin og þá aðallega skokk og handbolli.

Árlega er efnt til skemmtiferðar og þá gengið í 6-10 kl. tíma um óbyggðir, síðan borðaður kvöldverður og dansað og skemmt sér á eftir. Félagið hélt námskeið í skyndihjálpi sl. vor og naut til þess aðstoðar Rauðakross Íslands.

Framundan er frekari starfsemi að félagsmálum, svo sem útgáa blaðs og fleira mætti telja sem þegar hefur verið akveðið, þó verður áfram lögð megináhersla á hreyfingu og þjálfun og góðan félagsanda á æfingum.

U.M.F. Afturelding

Starfsemi Aftureldingar var mikil síðastliðið ár. Íþróttastarfsemi var margbrotin. Handknattleik stunduðu félagar í 4 flokkum, karla og 1 kvennaflokki. Tóku handknattleiksmenn þátt í Reykjanesmóti og UMSK móti utan og innan hús.

Einnig fóru fram æfingar í sundi, frjálsíþróttum, badminton, glímu og borðtennis. Félagsmálanámskeið var haldið á vegum félagsins síðasta vetur. Félagið stóð fyrir opnu húsi fyrir unglinga.

Bridgesæfingar voru þó nokkrar og tóku spilarar þátt í UMSK móti.

Í sumar var unnið að endurbyggingu íþróttavallarins fyrir um 1.5 milljónir króna. Rekin var íþróttamiðstöð að Varmá í samvinnu við UMSK.

Nú í vetur hefur félagið fengið 3 stofur í Brúarlandi til afnota og fer þar mikið starf fram flest kvöld vikunnar. Almennt er starfið vaxandi.

U.M.F. Breiðablik.

Breiðablik skiptist niður í 6 deildir. Knattspyrnudeild, handknattleiksdeild, frjálsíþróttadeild, glímudeild, sunddeild og körfuknattleiksdeild.

Deildirnar starfa að mestu leyti sjálfstætt hvað fjárhag snertir, en hafa tengsl við aðalstjórn á félagslega sviðinu, eins veitir aðalstjórn deildunum af fjármagni því sem félagið fær frá opinberum aðiljum.

Árangrar í íþrottum voru yfirleitt góðir á árinu. Meistaraflokkur knattspyrnunnar hélt sæti sínu í 1. deild með glæsibrag. Í sundi voru ungin mörg góð afrek, má þar nefna 3 Íslandsmet Steingrims Davíðssonar, kornungs sundgarps. Frjálsíþróttafólk ur Breiðabliki lék ætíð stórt hlutverk í liði UMSK og Landsliði á árinu. Af öðrum greinum er það helzt að segja að æfingar voru töluvert vel sóttar og árangur eftir vonum.

Nú er hafin uppbygging veglegs íþróttasvæðis í Fífu-hvammi og líta félagar í Breiðabliki því björtum augum á framtíðina.

Handknattleiksfélag Kópavogs.

Í H.K. eru nú um 90 félagar sem leggja stund á handknattleik. Árangur félagsins hefur verið mjög góður undanfarandi ár. Margir stórir sigrar hafaunnist og gleðileg markmið náðst.

H.K. hefur tekið þátt í flestum opinberum mótum og ætíð náð góðum árangri.

Íþróttafélagið Grótta.

Hjá Gróttu var margbrottin starfsemi á síðasta ári. Lætur nærri að flesta daga ársins hafi ætíð eitthvað verið að ske í nafni félagsins.

Að vanda voru aðalgreinar íþróttanna, knattspyrna, handknattleikur og körfuknattleikur.

Helztu starfsliðir síðasta árs voru m.a. Í tilefni 5 ára afmælis, sem var 24. apríl var efnt til hátíðarhalda í þrennu lagi. Dansleikur var haldinn fyrir unglinga, haldið var íþróttamót fyrir flesta keppnisflokka og loks var haldinn almennur dansleikur. Félagsmálastarfsemi var þó nokkur og margir fundir haldnir í margvíslegum tilgangi.

Grótta efndi til nokkurra skiðaferða við góðan orðstír.

Bingó voru haldin til fjáröflunar Badminton og borðtennis komu á dagskrá hjá félaginu.

Skák var mikið iðkuð og mót haldin. Árangur í handknattleik, knattspyrnu var góður. Félagið var mjög nærri því að komast í 1. deild karla í handkn. Gróttta er vakandi félag og aðstaða fer batnandi með hverju ári sem líður.

U.M.F. Stjarnan.

Ungmennafélagið Stjarnan í Garðahreppi starfar nú orðið í þremur deildum. Handknattleiksdeild, Knattspyrnudeild og Frjálsíþróttadeild.

Iðkendur í Knattspyrnudeild eru um 150 í 1 til 6. flokki karla auk kvennaflokki. Árangur knattspyrnumanna var góður á síðasta starfsári m.a. vann 3. flokkur í fyrsta skipti sér rétt til þátttöku í úrslitakeppni Íslandsmóts. Meistaraflokkur Stjörnumunnar varð í 3. sæti í 3. deild.

Í handknattleiksdeild eru um 100 meðlimir og á félagið lið í 1., 2., 3., 4., fl. karla og 2. og 3. fl. kvenna. Sérstaklega má lofa frammistöðu 3 fl. í handknattleiknum.

Frjálsíþróttafólk á Stjarnan þó nokkuð og margt afbragðs afreksfólk, svo sem Ragnhildi Pálsdóttur, sem unnið hefur mörg stórvirki á undanförunum árum.

Auk þessa er iðkað badminton, borðtennis og fleira.

Á síðasta sumri gaf félagið út veglegt kynningarrit sem mjög hefur skotið fótum undir félagið, bæði með tekjum af ritinu og ekki síður auknum skilningi hreppsþúa á málefnum félagsins.

Þjórtum augum má líta á framtíðina þar sem hafin er bygging íþróttahúss og unnið er að bættri félagslegri aðstöðu.

LOKAORÐ

50. starfsár Ungmennasambands Kjalarnesþing er að baki. Óhætt er að fullyrða að starfsemin hefur ekki í annan tíma verið meiri. Haldin hafa verið fjölmörg mót, í hinum ýmsu greinum íþrótta í tilefni afmælisins. Keppt hefur verið í íþróttagreinum sem ekki hafa verið stundaðar áður af sambandsfélögunum. Sett var á stofn íþróttamiðstöð að Varmá í Mosfellssveit í samvinnu við Umf. Aftureldingu. Gefið var út blað til kynningar á starfseminni. Efnt var til háppdráttis til fjáröflunar. Þetta er aðeins bluti af þeirri starfsemi sem fram hefur farið, og sér ekki fyrir endann á verkefnum sem blasa við og bíða úrlausnar, þrátt fyrir mikið og fórnfúst starf fjölda manna. Kemur þar aðallega til skortur á enn fleira fólki til félagsstarfsins og síðast en ekki síst, peningaleysi sambandsins.

Dejar og sveitarstjórnir svo og sýslunefndir Gullbringu og Kjósarsýslu hafa sýnt starfsemi U.M.S.K. mikinn skilning með fjárstuðningi við sambandið, einnig fjölmörg fyrirtæki og einstaklingar. Er þessum aðilum færðar þakkir fyrir. Einnig skal þakka stjórnnum félaganna fyrir samstarfið, og öllum þeim aðilum sem sambandsstjórnin hefur haft samskipti við á starfsárinu.

